

Hafnarfirði 29. nóvember 2020

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Síðasta vika í kennslu er hafin. Síðasti kennsludagur er föstudagurinn 4. desember og hefjast próf samkvæmt próftöflu mánudaginn 7. desember. Búast má við því að í vikunni verði eitthvað af hlutaprófum og lokaverkefnaskilum og því vil ég minna á mikilvægi þess að fara vel yfir leiðbeiningar og allar upplýsingar í INNU. Ég vil einnig minna á mikilvægi þess að vinna öll verkefni og próf af samvissusemi og bestu getu en í prófreglum skólans segir m.a. að nemendur skulu vera stundvísir í próf, nýta eingöngu þau gögn sem leyfð eru í prófinu og að óheimilt sé að aðstoða aðra eða þiggja aðstoð í prófi. Ég vil biðja nemendur um að hafa þetta í hávegum í prófunum.

Ef nemendur þurfa aðstoð við að skipuleggja sig í kringum lokaprófstímann eða þurfa stuðning við að taka rafræn lokapróf þá er hægt að hafa samband við nemendapjónustu skólans. Ef færa þarf próf vegna óviðráðanlegra aðstæðna eða vegna veikinda þá minnum við á mikilvægi þess að láta skrifstofu skólans vita.

Boðið verður upp á síðasta **námsverið í stærðfræði þriðjudaginn 1. desember klukkan 16:00.**

Að lokum vil ég minna á kennslumatið sem er í gangi þessa dagana á INNU. Síðasta tækifærið til að svara er á miðnætti. Þátttaka nemenda er góð og benda fyrstu niðurstöður til að námið hafi gengið almennt vel á önninni, að góður vinnuandi sé í kennslustundum, hvort sem þær eru í fjar- eða staðnámi, að markmið áfanganna séu skýr og að nemendur hafi lært mikið á önninni. Ef þetta verður lokaniðurstaða matsins þá er ástæða til að horfa með mikilli bjartsýni fram á veginn. Hér hafa nefnilega allir; starfsfólk, nemendur og foreldrar þeirra, lagt sitt af mörkunum við að búa til gott námssamfélag við afar óhefðbundnar aðstæður og vonandi fleytir það okkur vel fram á næstu önn. Þá er gott að hafa bjartsýnina að vopni. Við hlökkum að minnsta kosti til að ljúka önninni og munu 63 nemendur útskrifast þann 19. desember næstkomandi. Einnig hlökkum við til að taka á móti nemendum á nýju ári og er kappkostað við að leita lausna til að bjóða upp á meira staðnám en nú.

Gangi ykkur vel í öllu því sem framundan er.

Kær kveðja,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400/694 7594